

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánud. 16-21 fimmtud. 16-21 og laugard. 10-16

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 6.tbl. júní 2023

SPENNANDI HÁTÍÐ FRAMUNDAN!



**UPP Í SVEIT
DAGSKRÁ**

Helgina 16.-18. júní 2023

Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Í dag, 1. júní er liðið eitt ár frá fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar eftir kosningar og við tókum við lyklunum. Svo sannarlega má segja að árið hafi verið viðburðaríkt og annasamt. Það sem hefur komið mér þó mest á óvart er hversu skemmtileg þessi vegferð hefur verið, þrátt fyrir að auðvitað hafa sum mál verið erfið og tekið á. Samstarfið í sveitarstjórn hefur gengið vonum framar og vil ég þakka öllum í sveitarstjórn kærlega fyrir samstarfið á þessu fyrsta ári. Samvinnan á skrifstofu sveitarfélagsins hefur ekki síður gengið vel og er sérstaklega gaman að ná árangri með þessu öfluga teymi sem er starfandi á skrifstofunni.

Baráttan fyrir bættum hag nærumhverfis orkuvinnslu hélt áfram af fullum krafti í síðasta mánuði. Á vegum Samtaka Orkusveitarfélaga var haldinn Orkudagurinn 2023 þar sem fjölmörg erindi voru haldin með áherslu á þau sveitarfélög þar sem orkan verður til. Góð þáttaka var og á fundinn mættu u.þ.b. 200 manns annaðhvort á staðinn eða fylgdust með í streymi. Fyrir þá sem vilja horfa á erindin þá má finna uppöku af fundinum á www.orkusveitarfelog.is.

Framkvæmdir í Skeiðalaug halda áfram. Nýi infrarauði klefnn hefur slegið í gegn og er bekkurinn oft þétt setinn og fólk farið að sækja víða að. Á næstu dögum hefjast framkvæmdir við nýju heitu pottana. Það verður svo seinnihlutann í júní sem múrviðgerðir hefjast og þá má búast við því að við þurfum að loka lauginni í u.þ.b. 2 vikur. Þegar framkvæmdunum verður lokið, líklega í ágúst er stefnan sett á að



Pistill frá sveitarstjóra

hafa opið alla daga vikunnar. Við erum bjartsýn á að aukin aðsókn styrki rekstur Skeiðalaugar til framtíðar.

Gatnagerðin í Brautarholti er komin af stað og einnig eru fyrirhugaðar framkvæmdir í Leikholti, bæði inni og á leikskólalóðinni. Unglingavinnan hefur störf eftir helgi og næg eru verkefnin til að gera umhverfið okkar fallegt.

Deiliskipulagsvinna fyrir Árnes er komin vel af stað og stefnum við að því að kynna fyrstu hugmyndir fljótlega eftir sumarfrí. Þar er fyrirhuguð metnaðarfull uppbygging sem mun standa yfir í mörg ár.

Vinna við umsókn um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar er komin að lokum. Greinargerðin sem liggur til grundvallar framkvæmdaleyfinu er tilbúin og verður lögð fram til kynningar á næsta sveitarstjórnarfund, 7. júní. Í framhaldi af því verður boðað til auka sveitarstjórnarfundar þar sem afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu verður á dagskrá.

Fleira er það ekki að sinni,

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson

Skeiðalaug

Opnunartími

Opening hours

Mánudaga

Mondays

16:00 - 21:00

Fimmtudaga


Thursdays

16:00 - 21:00

Laugardaga

Saturdays

10:00 - 16:00



Swimming pool - Hot tub - Infrared Sauna - Steam Bath - Cold pot

UPP Í SVEIT DAGSKRÁ

Helgina 16.-18. júní 2023

Föstudagur 16. júní

Kl. 14:00 – 17:00

Opið fjós í Þrándarholti

Bændurnir í Þrándarholti auk sölumanna frá Líflandi sýna nýtt og glæsilegt fjós og nýjustu tæknilausnirnar

Kl. 19:00

Kveikjum eld kveikjum eld
kátt hann brennur. LOKSINS
kveikjum við í kestinum á Kálfár-
bökkum norðan við Árnæs.

Kl. 21:00

Barsvar á Brytanum

Tilboð á barnum og opið
til kl. 01:00

*Skráningar í keppnir og einstaka viðburði berist í netfangið hronn@skeidgnup.is fyrir fimmtudaginn 15. júní

**Frekari upplýsingar um viðburðinn má finna hér aftar í blaðinu

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní - Árnési

Kl. 10:00

Hátíðardagskrá og málverka-
sýningin **Ástin og lífið** opnar

Kl. 11:00

Hátíðarkaffihlaðborð í boði
sveitarfélagsins

Kl. 13:00 – 14:00

Froðurennibraut með slökkviliðinu og koddaslagur í Neslaug
Bitinn góði verður yfir Neslaug
þó ekki með formlegri koddaslagskeppni en öllum frjálst að spreyta sig í slag. Frítt í sund í Neslaug og laugin opin til kl. 18.00

Frá Kl. 14:00

Sparivélasýning

Gamlar uppgerðar vélar, nýjar stórar vélar og allt þar á milli.

Stíllt upp austan við Félagsheimilið (og ef þú telur vélina þín eiga erindi á sparivélasýningu, endilega sendu okkur línu)*

Kl. 14:00 – 16:00

Skín á gull þó í skarni liggi
Flóamarkaður í hliðarsalnum í Árnési– öllum velkomið að fá borð fyrir hvað sem er

Kl. 15:00

Kassabílarallý
austan við Félagsheimilið*

Kl. 15:00

Veitingastaðurinn Brytinn opnar

Kl. 16:00

Pylsupastamatreiðslukeppni í Stóra salnum í Félagsheimilinu**

Kl. 17:00

Sveitaleikar *

Kl. 20:00

Götugrill við Tvísteinabraut
5 ár eru síðan iðnaðarbilin við Tvísteinabraut voru tekin í notkun. Að því tilefni taka „Íbúar“ götunnar, Bruna-varnir Árnæssýslu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Korngrís og Landstólpi, sig til og bjóða í smá afmælisparty – Öll velkominn



Sunnudagur 18. júní

Brautarholt

Kl. 8:00

Samflot í Skeiðalaug

Flotslökun í boði Sundhettu*

Kl. 8:00 – 10:30

Morgunverður í boði Rauðu-kamba, framreiddur af Kvennfélagi Skeiðahrepps.

Öll hjartanlega velkomin í morgunverð

Kl. 10:00 - 11:00

Blómaskreytinganámskeið undir stjórn Oddnýjar Stefaníu**

Kl. 10:00 -12:00

Námskeið og spil í Amerískum fótbolta. Fótboltaliðið Einherji kennir helstu reglur, brögð og trix í amerískum fótbolta. Mætið í góðum íþróttafötum og verið við öllu búin!

Kl. 12:00

Lionsklúbburinn Dynkur grilla pylsur gegn vægu gjaldi

Kl. 13:00

BMX Brós með sýningu í BMX trixum og eftir sýningu eru pallarnir opnir fyrir þá sem vilja prófa

Steinsholt

Kl. 11:00

Sr. Óskar messar við leiði Daða Halldórssonar í gömlu „kirkjunni“ við gamla bæinn í Steinsholti – allir velkomnir

Kl. 12:00

Opin Fjárhús og messukaffi í Steinsholti

Skaftholt

Kl. 13:00-17:00

Opið kaffihús í Skaftholti.

Gestum boðið að kíkja í vinnustofur og gróðurhús Skaftholts, kaffi og vöffur til sölu

Þjórsárdalur

Kl. 21:00

Kvöldganga með Bergi – Lagt af stað frá Sandártungu og gengið inn í nóttina...

*Skráningar í keppnir og einstaka viðburði berist í netfangið hronn@skeidgnup.is fyrir fimmtudaginn 15. júní

**Frekari upplýsingar um viðburðinn má finna hér aftar í blaðinu

UPP Í SVEIT DAGSKRÁ

Helgina 16.-18. júní 2023

17. júní
kl. 10:00



Ástin og lífið

Málverkasýning eftir Grétu Gísladóttur

„Ég er heilluð af náttúrunni, fólkinu og öllu því fallega í kringum mig sem ég nýti mér sem innblástur fyrir strigann“

Flest verkin eru unnin með olíu á striga.

Gréta er búsett á Flúðum, fædd árið 1973 á Selfossi en ólst að mestu upp í Mosfellsbænum.

Gréta útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri, fagurlistadeild 2011.

Árið 1999 til 2000, nam hún mynd- og glerlist í Kunst- og hándværkshöskolun Engelsholm í Danmörku auk þess hefur hún sótt ýmiss námskeið á sviði myndlistar m.a. Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, Ísafirði.

Hún hefur haldið fjölda sýninga, einka- og samsýningar hérlandis og í Danmörku.

Verkin eru til sölu.

BMX brós

sýning í boði Ungmennafélaganna okkar

BMX bræður þarf vart að kynna - en þeir ætla að sýna listir sínar í Brautarholti sunnudaginn 18. Júní.

Þeir leika listir á BMX hjólin sín og eftir sýninguna geta þeir sem vilja spreyta sig fengið að prófa stökkpallana.

Upplýsingar um BMX brós og myndbönd af hjólasnildinni má finna á facebook síðunni þeirra: BMX brós

18. júní
kl. 13:00



UPP Í SVEIT DAGSKRÁ

Helgina 16.-18. júní 2023

18. júní
kl. 08:00

Samflot í Skeiðalaug

Fyrirtækið Flothetta hefur hannað og framleitt svokallaða Flothettu, sem notuð er til að ná góðu floti án áreynslu.

Þegar við fljótum í vatni og þyngdaraflinu sleppir, frelsast þeir hlutar líkamans sem bera uppi þunga okkar dagsdaglega. Þannig fá miðtaugakerfi, vöðvar og hryggjarsúlan hvíld þegar flotið er um í heitri laug án áreynslu. Streituvaldandi efni í líkamanum víkja fyrir taugaboðefnum eins og endorfíni sem er bæði verkjastillandi og veitir vellíðunartilfinningu.

Frekari upplýsingar um Flothettuna og samflot má finna á heimasíðunni flothetta.is

Íbúum býðst að taka þátt í samfloti í Skeiðalaug sér að kostnaðarlausu að morgni þess 18. júní. Hægt er að skrá sig með pósti á [netfangið hronn@skeidgnup.is](mailto:hronn@skeidgnup.is)



UPP Í SVEIT DAGSKRÁ

Helgina 16.-18. júní 2023



Skín á gull þó í skarni liggi!

Flóamarkaður

Í hliðarsalnum í Árnesi verður borðum stillt upp þar sem hægt er að stilla upp gersemum sem leita nýrra eigenda.

Hvort sem það eru föt, bækur, leikföng, húsmunir, reiðhjól, til sölu, til skipta eða gefins!

Gott er að þau sem vilja koma með dót – verði búin að stilla öllu upp kl. 14

17. júní
kl. 14:00

Blómaskreytinganámskeið

Oddný Stefanía býr í Áshildarmýri og er menntuð í blómaskreytingum. Hún vinnur mikið með blóm og gróður úr nærumhverfinu og kemur með allt nauðsynlegt efni í blómaskreytingar fyrir þátttakendur.

18. júní
kl. 10:00

Blómaskreytingarnámskeið hentar öllum aldurshópum. Skrá þarf þátttöku í netfangið hronn@skeidgnup.is



UPP Í SVEIT DAGSKRÁ

Helgina 16.-18. júní 2023

17. júní
kl. 15:00



Pylsupastakeppnin

Matreiðslukeppni heimiliskokksins

17. júní
kl. 16:00

Allir vita að pylsupasta er eldað á öllum betri heimilum en gera allir eins pylsupasta?

Allir keppendur þurfa að elda pylsupasta eftir „sinni uppskrift“ eina skilyrðið er að í því sé bæði pasta og pylsur og/eða pulsar.

SS sér keppendum fyrir SS pylsum og soðnu pasta en keppendur þurfa að koma sjálfir með öll önnur innihaldsefni.

Óháðir pylsupasta-fagmenn skipa dómnefnd sem smakkar og dæmir um Pylsupastamatreiðslumeistarann, en áhorfendur dæma um flottustu tilþrifin!

Skráningar í keppnina þurfa að berast í netfangið hronn@skeidgnup.is fyrir miðvikudaginn 14.júní.



Skeiðalaug

Verðskrá

Fullorðnir	Adults	1.500 kr
30 miða kort	30 tickets	15.000 kr
10 miða kort	10 tickets	9.000 kr
Árskort einstaklings *	One year card	35.000 kr
Árskort para/hjóna *	One year couple card	55.000 kr
Börn 0 – 10 ára	Children 0 – 10 years old	0 kr
Börn 11 – 18 ára **	Children 11 – 18 years old	500 kr
10 miða kort	10 tickets	3.500 kr
Eldri borgarar 67+ ára **	Senior citizens 67+ years old	500 kr
Öryrkjar	Disablet	0 kr
Sturta	Shower	500 kr
Sundbleyja	Swim diaper	200 kr
Sundgleraugu	Swimming Goggles	2.200 kr
Leiga á sundfatnaði	Swimwear for rent	500 kr
Leiga á handklæði	Towel for rent	500 kr

*Öllum árskortum fylgir aðgangskort í líkamsræktaraðstöðu Skeiðalaugar

**Börn og eldri borgarar búsett í Skeiða og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund

Aldurstakmark í líkamsræktaraðstöðu er 14 ára með skriflegu leyfi foreldra/forráðamanna



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Ábyrgðarmaður: Haraldur Þór Jónsson

Leikholt í Berlín



Ég var búin að hugsa um að byrja á að skrifa um hvað veðrið léki við okkur þessa dagana og börnin væru nú meira og minni úti að leika. En veðrið hefur frekar leikið á okkur en hitt. Leiðinda veðrið náði sem betur fer ekki alla leið til Þýskalands þar sem starfsfólk leikskólans sólaði sig í Berlín. Þann 17 maí fór 14 manna hress hópur starfsmanna Leikhólts í endurmenntunarferð til Berlínar. Ferðin var mjög vel heppnuð í alla staði og erum við uppfull af hugmyndum og eldmóð eftir ferðina. Við heimsóttum leikskóla þar ytra og sóttum námskeið sem snéri að því að

læra viðurkenna mistök og halda áfram og vinna saman sem hópur að því að horfa fram á veginn.

Það sem stóð uppúr var samveran sem við áttum saman og tengslin sem við náðum að mynda okkar á milli. Nú vonumst við bara eftir góðu veðri svo við getum notið útiverunar með börnunum hér í Leikholti. Að lokum er vert að þakka foreldrum fyrir liðlegheitin, en skóladagatali var breytt á miðju skólaári þannig að unnt var að skipuleggja þessa skemmtilegu ferð og erum við mjög þakklát fyrir það.

Anna Greta Ólafsdóttir, Leikholti

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Kvennareið 19. júní



Kæru Konur,

*Við minnum á okkar árlegu **kvennareið þann 19. júní** - ætlum að hittast í Sandlækjarkoti. Nánari upplýsingar koma á **Facebook-hópin** „**Kvennareiðtúr 19. Júní**“.*

Takið daginn frá og grafið varalitinn upp!

Hlökkum mikið til, nefndin (Matthildur og Magnea)


Gleðilegt sumar, kveðja frá Selásbyggingum



Ungmennin streyma í hús og lífga upp á Þjórsársvæðið

Sumarið kemur – spennandi verkefni

Sumarið fer vel af stað á Þjórsársvæðinu. Hingað streyma nú sumarboðarnir – ungmenni úr nærsamfélaginu sem taka þátt í sumarvinnunni okkar. Þessi hópur sinnir fjölbreyttum verkefnum á svæðinu, allt frá gróðursetningu og hreinsunarstarfi yfir í einföld viðhaldsverkefni. Þess á milli fá ungmennin fræðslu í skyndihjálp, brunavörnum og ýmis konar öryggisatriðum. Þetta unga fólk lífgar mikið upp á staðinn og er okkur mikilvægt fyrir reksturinn.



Vinna við endurnýjun véla í Búrfelli 1

Nú er stóru endurbótaverkefni í Búrfellsstöð lokið, en þar var skipt um svokallað sátor í einni af sex vélum stöðvarinnar, vél númer sex. Sátor er sá hluti vélarinnar þar sem rafmagnið myndast og liggur í kringum pólhjólið.

Eldra satrið var farið að sýna þreytumerki og hafði bilað nokkrum sinnum undanfarin ár, en það var framleitt árið 1993 og var af Toshiba-gerð. Eftir útboðsferli var gengið til samninga við Koncar frá Króatíu um smíði á nýju satri og tók hún eitt ár, en það kom til landsins um miðjan nóvembermánuð.

Hafist var handa við sáturskiptin í annarri viku janúar, ásamt því að rafrænar og vélrænar varnir vélarinnar voru endurnýjaðar og hluti kælikerfisins einnig. Verkefnið gekk afar vel og tók ellefu vikur frá upphafi til enda. Vélin var afhent til rekstrar í dymbilvikunni og hefur unnið rafmagn síðan þá.

Fyrirhugað er að vinna við sátor hinna fimm vélanna í Búrfellsstöð, en ekki er búið að ákveða hvenær eða hvernig þeirri vinnu verður nákvæmlega hagað.



Sjálfbærni í eldhúsinu í Eiríksbúð

Starfsfólk mötuneytisins okkar í Eiríksbúð í Búrfelli er annálað fyrir frábærar veitingar og vinnur markvisst að því að auka sjálfbærni í rekstri eldhússins m.a. með því að kaupa inn meira og meira hráefni í nærsamfélaginu. Ekki nóg með það, heldur hefur mötuneytið nú tekið í notkun sinn eigin reykofn og hefur þar að auki skipulagt ræktun á grænmeti og kryddjurtum. Allt er þetta hluti af því að minnka kolefnissporið og efla heilsu starfsfólks.



Haldið er upp á hátíðisdaga í eldhúsinu til að gleðja starfsfólkið. Þorinn er að vonum vinsæll, enda er súrmaturinn framleiddur á staðnum. Það sama má segja um bolludaginn, en þá eru framleiddar bollur í eldhúsinu fyrir allt starfsfólkið og alla þá verktaka sem eru að störfum á svæðinu. Það er ekki að ástæðulausu að fólk kveður Þjósársvæðið með söknuði þegar fara þarf í önnur verkefni.

Ártokur í Ísakoti

Um þessar mundir standa yfir viðgerðir á árlökum í Ísakoti, en þær stýra vatni í gegnum straumgáttir lokumannvirkis Búrfellsstöðvar. Gert hefur verið við tvær lokur á síðustu árum og nú er verið að vinna í þriðju lokunni af fjórum.

Til þess að geta fjarlægt lokurnar þarf að byrja á því að lækka í lóninu svo hægt sé að koma fyrir varaloku. Henni er fleytt að lokumannvirkinu, hún sett uppá rönd og fyllt af vatni svo hún sökkvi. Því næst er þétt meðfram henni og ef engir lekar eru er lokan hífð upp. Þetta er mikil framkvæmd, enda er varalokan 22 metra löng og 36 tonn að þyngd.

Árlokan, sem er 20 metra löng og 15 tonn, er flutt í bæinn á verkstæði þar sem hlúð er að henni, hún sandblásin og máluð. Á staðnum er svo unnið að viðgerðum á lokumannvirkinu. Þegar viðgerðum er lokið er árlökunni skilað aftur á sinn stað, varalokan tekin upp aftur, og árlokan prófuð.

Erlendir ferðamenn jákvæðir

Gallup framkvæmdi nýlega könnun fyrir Landsvirkjun um viðhorf erlendra ferðamanna til orkuvinnslu á Íslandi. Skemmst er frá því að segja að næstum allir erlendir ferðamenn sem svöruðu, eða yfir 96%, höfðu jákvætt viðhorf til endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi. Nærri 73% svarenda sögðu að nýting endurnýjanlegra orkugjafa hefði jákvæð áhrif á upplifun sína af íslenskri náttúru. Aðeins 1% var neikvætt en hin 26% voru hlutlaus. Við erum auðvitað mjög ánægð með þessar niðurstöður og viljum gjarnan halda áfram að styðja við þessa jákvæðu upplifun ferðamanna.

landsvirkjun.is/frettir/endurnyjanleg-orka-og-ferdamenn

Eldvarnaæfing

Árleg voræfing slökkviliðs Brunavarna Árnessýslu og Landsvirkjunar á þjórarsvæði var haldin í Hrauneyjafosstöð í lok apríl. Hún hófst á því að vaktmenn Landsvirkjunar tilkynntu slökkviliði um reyk í stöðvarhúsinu og að tveggja manna væri saknað. Tíu slökkviliðsmenn héldu á vettvang og á leiðinni voru samskipti og upplýsingaöflun æfð. Reykkafarar fóru inn í húsið, fundu fljótt mennina sem saknað var og björguðu þeim út.



Æfingar sem þessar eru haldnar tvisvar á ári og eru mikilvægur liður í að tryggja að allt fari sem best fram ef til raunverulegs atburðar kemur. Á öllum æfingum koma upp atriði sem þarf að huga að og með því að koma auga á þau gefst okkur kostur á að bregðast við með fyrirbyggjandi hætti.

Á æfingunni í Hrauneyjafosstöð æfðu starfsmenn Landsvirkjunar sig í notkun á flóttagrímum á meðan beðið var eftir slökkviliðinu, en allar stöðvar Landsvirkjunar eru búnar slíkum grímum til að auka öryggi starfsmanna ef rýma þarf reykfyllt stöðvarhús. Auk brunaæfinga koma starfsmenn slökkviliðsins að kennslu og þjálfun fyrir starfsfólk tvisvar á ári. Þar fá ungmenni úr nærsamfélaginu að prófa að slökkva eld með slökkvitæki og eldvarnarteppi, ásamt því að fá fræðslu um eldvarnir almennt.



Styttist í upphaf framkvæmda við Hvammsvirkjun

Sem kunnugt er veitti Orkustofnun virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í lok síðasta árs. Nú er beðið eftir framkvæmdaleyfi frá Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en sótt var um það um leið og virkjunarleyfi lá fyrir, í desembermánuði.

Eiginlegar framkvæmdir við virkjunina eru ekki hafnar, en nú í maímánuði lauk jarðkönnun í svokölluðu þrýstipústæði, við fyrirhugað stöðvarhús. Með rannsóknunum var staðfest staðsetning á sprungum í klöpp sem taka þarf tillit til við hönnun pípunnar og undirlags hennar. Þá verða plöntur fjarlægðar úr vegstæði fyrirhugaðs aðkomuvegar, sem nær frá enda Hvammsvegar að virkjunarsvæðinu á jörð Hvamms 1. Landeigendur munu nýta plönturnar. Nýja vegstæðið hefur verið verið afmarkað með flaggalinum.

Framkvæmdir við nýjan aðkomuveg, vinnuplön og vinnslu efnis úr frárennslisskurði til vegagerðar voru boðnar út í maímánuði. Útboðið var auglýst á evrópska útboðsvefnum (TED), á www.útboð.is, í Morgunblaðinu og í Dagskránni, fréttablaði Suðurlands. Vinna hefst í byrjun júlí ef framkvæmdaleyfi liggur þá fyrir. Væntanlegt útboð á aflvélum fyrir virkjunina hefur verið kynnt á evrópska útboðsvefnum (TED) og gert er ráð fyrir að útboðsferli hefst á næstu vikum. Stefnt er að útboði byggingarframkvæmda í haust. Núverandi áætlanir miða við að eiginlegar virkjunarframkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2024 og virkjunin verði gangsett að loknum framkvæmdum árið 2027.

Gamla dularfulla húsið

6. Þáttur: júní.

Það var liðinn mánuður frá því að mamma hvarf og mér hafði ekki enn tekist að stoppa Karlsson. Fólk var ennþá að hverfa, búið var að loka skólanum og Karlsson var orðinn öflugri í mannshvörfum en einræðisherrann í Norður Kóreu, Kim-Jong-un. Ég reyndi að finna einhverja leið til að draga úr krafti Karlssonar, en ekkert gekk.

Einn daginn þegar við Stef og Bjarki vorum að gúggla á Netinu, tókum við eftir spennandi vefsíðu. Þegar við klikkuðum á linkinn á síðuna þá vissum við hvað þurfti að gera. Það var til góð leið til að drepa drauga. Það þurfti bara að lokka þá frá staðnum þar sem þeir voru fastir.



En það er eitt vandamál. Þessir krakka skrattar eru að plana eitthvað og ég þarf að vita hvað það er. Þau mega ekki finna veikleika mína. Þá fékk ég góða hugmynd. Ég ætla að stjórna líkama mömmu þessa drengs og ræna honum líka. Þá verða engir eftir sem geta sigrað mig. En núna þarf ég að finna hana. Það er eitthvað annað hérna sem mér gæti stafað ógn af.

Loksins, loksins. Þetta er næstum því búið. Ég hef rænt öllum, tekið allt. ÉG RÆÐ!!!

Við vinirnir vorum komin með plan, ég og Stef ætluðum að standa fyrir utan húsið hans Karlssonar, snemma einn morgunninn, og bíða þar þangað til hann væri tilbúinn að ná okkur. Þegar Karlsson kæmi út myndi Bjarki læsa hurðinni. Við myndum þá flýja og Karlsson yrði fastur úti og myndi brenna til kaldra kola þegar sólin kæmi upp. Þetta var fullkomið plan. En þá var skyndilega bankað á útidyrhurðina heima hjá mér. Þegar að ég kíkti út sá ég að þetta var... MAMMA?!

Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún

Kassabílarallý



Kassabílarallý verður haldið í Árnesi, laugardaginn 17. júní næstkomandi. Þátttaka er opin öllum óháð aldri, kyni eða búsetu – svo lengi sem bílarnir standist ástandsskoðun í upphafi keppni.

Til að öðlast keppnisrétt þurfa bílar og keppendur að standast eftirfarandi skilyrði:

1. Kassabíllinn þarf að vera „handverk“ – ekki fjöldaframleiddur og keyptur tilbúinn úr Kaupfélaginu eða öðrum kassabílabúðum

2. Kassabíllinn má einungis vera drifinn áfram af tveimur mönnum
Veitt verða verðlaun fyrir bestu frammistöðuna – jafnvel bestu tilprifin ef svo ber undir. Menningar- og æskulýðsnefnd áskilur sér rétt til að skipta keppninni upp í aldursflokka ef þörf þykir.

Frekari upplýsingar og skráningar í keppnina má senda á netfangið: hronn@skeidgnup.is



Sveitarstjórn 2022-2026. 20. fundur 3. maí 2023 kl. 09:00 - 13:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinnsson og Karen Óskarsdóttir.

Fundargerð ritaði Sylvía Karen Heimisdóttir.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Óskaði oddviti eftir því að fá að bæta við einu máli á dagskrá, síðari umræðu að ársreikningi Hitaveitu Brautarholts. Var það samþykkt samhljóða og verður þetta mál nr. 3. Færast aðrir dagskrárlíðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 20. sveitarstjórnarfund
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta sveitarstjórnarfund:

Óvissuferð starfsmanna SKOGN

Auka aðalfundur Samtaka Orkusveitarfélaga

Heimsókn Flóahrepps

Fundur með Landsvirkjun v/Veiðifélag Þjósár

Undirbúningur framkvæmda í Leikholti

Fundur með forstjóra Landsvirkjunar

Vindorkuferð til Noregs

Náttúruverndarþing Landverndar í Árnesi

Fundur með Veiðifélagi Þjósár og Landsvirkjun

Málefni Heilsugæslunnar í Laugarási og fundur með HSU

Fundur með ráðherrum v/orkumálanna

Fyrirhugaður íbúafundur 3. maí

Stjórnendateymi í Þjósárskóla

2. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022 - seinni umræða

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022 lagður fram til seinni umræðu. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.091,5 millj. kr. í A og B hluta en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.036,6 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 115,3 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 109,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 961,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A hluta nam 1.017,2 millj. kr.

Búið er að innleiða reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 vegna reikningshaldslegrar meðferðar á samstarfsverkefnum með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins vegna ársins 2022 og 2021.

Útsvarstekjur hækkuðu um 30. millj á milli ára og útsvarstekjur og fasteignaskattur um samtals 56 millj kr. Heildartekjur eru samtals 1.092 millj. kr.

og rekstrarkostnaður um 904 millj kr. Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar á milli ára úr 49,4% í 38,8%. Engin lán voru tekin hjá sveitarfélaginu á árinu en lán voru tekin hjá samstæðuverkefnum.

Handbært fé á reikningum sveitarfélagsins og B hluta fyrirtækja voru um 127 millj. kr.

Jafnvægisregla rekstrarjöfnunnar er 71,6 millj. kr. og skuldaviðmið skv. reglugerð 9,9% og lækkar úr 27,9% frá árinu áður.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir ársreikninginn með fimm atkvæðum og staðfestir hann með undirritun. Íbúafundur verður haldinn í kvöld, 3. maí 2023 í Árnesi kl. 20:00 þar sem Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi kynnir ársreikninginn.

3. Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2022-seinni umræða.

Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2022 lagður fram til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,3 millj kr. Rekstrartekjur námu 4,1 millj. kr. og hækkuðu um 0,5 millj. kr. á milli ára eða um 14%. Eigið fé um 14,4 millj. kr. og skuldir námu 558 þús.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir ársreikninginn með fimm atkvæðum og staðfestir hann með undirritun.

4. Fjárhagsáætlun 2023 Viðauki I

Lagður er fram Viðauki I við fjárhagsáætlun.

Núverandi fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að í Skeiðalaug yrði varið 60 milljónum í fjárfestingu og 10 milljónum í viðhald, samtals 70 milljónir. Viðaukinn lækkar heildarkostnað við Skeiðalaug úr samtals 20 milljónum niður í 50 milljónir sem skiptist í 30 milljónir í fjárfestingu og 20 milljónir í viðhald. Gert er ráð fyrir kaupum á lóð í Árnesi og girðingum til að afmarka lóðina, samtals að fjárhæð 19,5 millj. Gert er ráð fyrir tekjum á móti fjárfestingu, v. lóðagjalda 3,6 milljónir. Gert er ráð fyrir auka 7 milljónum í tekjur v. útboðs í vikurnámur eða samtals 23 milljónum á árinu 2023. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu kostnaðar v. vinnu á skrifstofu við yfirferð gagna og aðra vinnu tengdri umsókn um framkvæmdaleyfi við Hvammsvirkjun. Aukið er við kostnað tölvukerfis um 2 millj v. innleiðingar á Workpoint og rafrænum undirritunum og kostnað v. ferðalaga nemenda í Þjósárskóla um 1,5 millj eða samtals 2,3 millj á árinu 2023. Að auki er gert ráð fyrir auknu framlagi til SASS að fjárhæð 750 þús vegna samstarfsverkefna. Gert er ráð fyrir auknu framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna framlags til grunnskóla og samþættingarframlags í samræmi við

aukið framlag frá ráðuneytinu núna í apríl, samtals 3,6 millj.

Áhrif viðaukans á fjárfestingar er lækkun upp á 14,1 milljón. Samtals fjárfestingar á árinu fara því úr 219 millj í 204,9 millj. Hagnaður hækkar um 6,4 milljónir og er 19,1 milljón árið 2023. Áhrif viðaukans á handbært fé er hækkun upp á 20,4 millj. **Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðauka I við fjárhagsáætlun 2023 og felur fjármálastjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.**

5. Kauptilboð - Þingbraut athafnasvæði

Lagt fram kauptilboð í athafnasvæði við Þingbraut í Arnesi. Um er að ræða 6,7 hektara svæði með skipulögðum 10 lóðum við Þingbraut, merkt 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, undir iðnaðar- og athafnasvæði. Tilboðsfjárhæð er 18 milljónir. Kauptilboðið er samþykkt af tilboðshafa og tilboðsgjafa, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjóri óskar eftir samþykki sveitarstjórnar á kauptilboðinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt kauptilboð að upphæð 18 milljónir. Fjárfesting er innan fjárfestingaráætlunar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til að skrifa undir og ganga frá kaupsamningi og afsali.

6. Hvammsvirkjun - staða á vinnslu umsóknar um framkvæmdaleyfi

Sveitarstjóri fer yfir stöðuna á umsókn um framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar og þá vinnu sem búið er að vinna frá því umsóknin barst 14. desember 2022. Lögð fram drög að greinagerðinni sem lýsir framkvæmdinni og tilgreinir alla fyrirvara framkvæmdaleyfisins.

Karen Óskarsdóttir óskaði eftir fundarhléi. Tekið hlé í 10 mínútur.

Karen Óskarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég sem kjörinn fulltrúi get ég ekki fallist á að ófullkomið mat á áhættu fyrir íbúa sveitarfélagsins verði lagt til grundvallar ákvörðun ef veita á framkvæmdaleyfi Ég legg til að sveitarstjórn ákveði að leita eftir rýni óháðs sérfræðings á fyrirbyggjandi áhættumati, sem liggja skuli fyrir við afgreiðslu leyfisbeiðnar. Við rýnina verði gerð grein fyrir hvert sé formlegt og efnislegt gildi fyrirbyggjandi áhættumats Landsvirkjunar frá 2008.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá Veðurstofu Íslands og Almannavarnir til fundar með sveitarstjórn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Þjórsá.

7. Skipun ungmennaráðs og gögn af ungmennapingi

Ungmennaping var haldið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi laugardaginn 15. apríl 2023. Á þinginu voru kosin í sæti í ungmennaráði og fengu flest atkvæði Emelía Karen Gunnþórsdóttir, Magnús Arngrímur Sigurðsson, Vésteinn Loftsson og Haukur Arnarsson.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að skipa Emelíu Karen Gunnþórsdóttir, Magnús Arngrímsson, Vésteinn Loftsson og Hauk Arnarsson í Ungmennaráð.

8. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokk II – H Fristundahús að Áshildarvegi 1, fasteignanr. F232-4299, umsækjandi Tónsmiðjan ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II.

9. Samtök orkusveitarfélaga. Fundarboð - Orkufundur 2023

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga boðar til Orkufundar 2023 þann 10. maí nk. kl. 10:00-12:00 á Hótel Hilton, Reykjavík. Fundinum verður einnig streymt.

10. Samráð um sjálfbært Ísland

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra býður til opinna samráðfunda um landið um sjálfbæra þróun á Íslandi. Fundarboð lagt fram til kynningar

11. Samtök orkusveitarfélaga Fundargerðir stjórnar

Fundargerðir 59. og 60. fundar stjórnar lagðar fram til kynningar

12. Framkvæmdaráð Almannavarna Árnessýslu. Fundargerð

Fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs Almannavarnar Árnessýslu og fundargerð Almannavarnarnefndar Árnessýslu frá 17. janúar 2023 lagðar fram til kynningar.

13. Samtök orkusveitarfélaga. Fundargerð aukaaðalfundar

Fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 2023 lögð fram til kynningar.

14. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir stjórnar

Fundargerðir stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 922., 923. og 924. fundar lagðar fram til kynningar

15. Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð stjórnar

Fundargerð SOS frá 17. apríl 2023 lögð fram til kynningar

16. Nefnd Þjóðveldisbæjar. Fundargerðir

Aðalfundargerð 1. stjórnarfundar 2023 lögð fram til kynningar ásamt ársreikningi fyrir árið 2022. Skipunartími núverandi fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps rennur út í júní 2023 og þarf sveitarstjórn að skipa nýjan fulltrúa í stjórnina.

17. Rangárbakkar. Aðalfundargerð

Fundargerð aðalfundar Rangárbakka ársins 2022, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf, lögð fram til kynningar

18. Fundargerðir 9. og 10. fundar Héraðsnefndar Árnesinga

Fundargerðir 9. og 10. fundar Héraðsnefndar Árnesinga lagðar fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12.45. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 17. maí, kl 09.00, í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 21. fundur 17. maí 2023 kl. 09:00 - 12:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson og Karen Óskarsdóttir.

Fundargerð ritaði Sýlvía Karen Heimisdóttir.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 20. sveitarstjórnarfund
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta sveitarstjórnarfund:

Fundur með ráðherrum og ráðuneytum vegna orkumála.

Íbúafundur sem var haldinn 3. maí.

Deiliskipulagsvinna í Árnesi

Hvammsvirkjun greinagerð.

Skeiðalaug - framkvæmdir.

Orkufundur 2023.

Kynningarfundur SVÁ.

Vinnuskólinn í sumar.

Skólamálin.

Kerfisáætlun Landsnets fundur.

Vernðaráætlun Þjórsárdalsins.

Úrskurðir forsætisráðuneytisins.

Áhættumat v/Þjórsá.

2. Sumaropnun á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Síðustu ár hefur skrifstofa sveitarfélagsins verið lokað þrjár vikur í júlí. Sveitarstjóri leggur til að lokað verði fyrstu þrjár vikurnar í júlí, frá og með mánudeginum 3. júlí til og með föstudagsins 21. júlí.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum sumarlokun skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá og með mánudeginum 3. júlí til og með föstudagsins 21. júlí.

3. Umsókn um atvinnulöð - Holtstagl 5

Umsókn hefur borist frá Selásbyggingum ehf um atvinnulöð að Holtstagli 5 í Brautarholti. Lóðin er 1.009 fm og er ætlunin að koma þar upp atvinnuhúsnæði fyrir starfsemi Selásbygginga ehf.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að úthluta lóðinni Holtstagl 5 til Selásbygginga ehf í samræmi við 9. gr. reglna um úthlutun lóða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

4. Ágangur Sauðfjár

Sveitarstjórn hefur borist erindi um hvernig sveitarstjórn hyggt bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis um rétt jarðareigenda gagnvart ágangi sauðfjár annarra og hvort jarðareigendur geti treyst því að ágangsfé verði smalað að hálfu sveitarfélagsins á kostnað eigenda fjárins. Lagt fram álit umboðsmanns Alþingis ásamt minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár.

Mismunandi skoðanir hafa komið fram um

RAF- OG TÚNGIRÐINGAREFNI



túlkun á áliti umboðsmanns Alþingis og mikilvægt er að rétt sé staðið að málum. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og innviðaráðuneytið að vinna álit um málið og leggja fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn hvetur landeigendur og búfjáreigendur til að huga sameiginlega að þessum málum.

5. Áskorun Veidifélags Þjórsár til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Lagt fram erindi frá Veidifélagi Þjórsár, sem hefur með fyrra erindi sínu 27. mars sl. vakið athygli sveitarstjórnar á að við útgáfu framkvæmdaleyfis til Landsvirkjunar vegna byggingar Hvammsvirkjunar í Þjórsá þurfi að liggja skýrt fyrir að öll gögn séu í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Meðfylgjandi fylgir samantekt veidifélagsins um atriði sem veidifélagið telur ábótavant við undirbúning Hvammsvirkjunar. Veidifélag Þjórsár telur að atriði sem snúa að lífríki Þjórsár séu í miklu uppnámi verið gefið út framkvæmdaleyfi byggt á þeim gögnum sem nú eru fyrirliggjandi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar Veidifélagi Þjórsár fyrir ábendingarnar og hefur þær til hljóðjónar í þeirri vinnu sem er í gangi vegna beiðni Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar.

Karen Oskarsdóttir tekur heilshugar undir þær áhyggjur sem Veidifélag Þjórsár bendir á vegna Hvammsvirkjunar á lífríki Þjórsár.

6. Svæðisskipulag fyrir Suðurhálandið

Lagt fram Svæðisskipulag Suðurhálandis 2022-2042, greinargerð. Einnig fylgirit Svæðisskipulag Suðurhálandis 2022-2042. Forsendur og umhverfismatsskýrsla ásamt Svæðisskipulag Suðurhálandis 2022-2042. Landslagsgreining og mat á verndargildi, allt dagsett 05.05.2023. Tillagan og fylgigögn hafa verið kynnt fyrir almenningi og hagaðilum og send til umsagnaraðila. Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið umsagnir sbr. fundargerð 24. fundar svæðisskipulagsnefndar. Fyrir yfirstandandi fundi liggur uppfærð tillaga með fylgigögnum að lokinni kynningu og lagfæringum í samræmi við samantekt umsagna og tillögur um viðbrögð við þeim sbr. fundargerð 24. fundar svæðisskipulagsnefndar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum, með vísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, svæðisskipulagstillöguna með þeim

lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar kynningar hennar.

7. Þjónustusamningar verktaka

Sveitarstjóri leggur til það verklag að gerður verði þjónustusamningur við alla verktaka sem vinni fyrir sveitarfélagið. Með því móti verði tryggt gagnsæi í kostnaði við þá verktaka sem sveitarfélagið notast við ásamt því að í samningunum verði skilgreind þjónusta og forgangur á þjónustu í þeim tilfellum sem þörf er á.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og leggja fram drög að verklagsreglum um þjónustusamninga við verktaka.

8. Fristundastrætó í uppsveitum - Erindi frá íþróttafélögum

Lögð fram áskorun frá íþróttafélögum Uppsveitanna þar sem skorað er á sveitarstjórnir í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi að koma af stað verkefni í samstarfi við íþróttafélögin með fristundastrætó til að auðvelda krökkum að stunda sína íþrótt sama hvar hún er stunduð í Uppsveitunum. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vísa málinu til umfjöllunar í oddvitanefnd Uppsveitanna.*

9. Bréf frá Vinum Íslenskrar náttúru um skipulag skógræktar

Lagt fram til kynningar bréf frá Vinum íslenskrar náttúru um skipulag skógræktar sem var sent til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deilir áhyggjum Vina íslenskrar náttúru um skipulag skógræktar og telur að marka þurfi skýra stefnu í þeim málum.

10. Bréf frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar bréf frá Innviðaráðuneytinu til allra sveitarstjórna á Íslandi þar sem fjallað er um almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skal fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin hefur sett sér starfsáætlun fyrir árið 2023 þar sem koma fram helstu áhersluatriði nefndarinnar fyrir árið.

11. Skýrsla Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um Vindorkumál

Lögð fram til kynningar skýrsla Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um Vindorkumál sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig lögð fram til kynningar umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um vindorkuskýrsluna.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

samþykkir með fimm atkvæðum framlagða umsögn sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Vindorkuskýrslunnar og felur sveitarstjóra að leggja inn umsögnina í samráðsgátt stjórnvalda.

22. Fundargerðir skipulagsnefndar nr. 259 og 260.

Fundargerð skipulagsnefndar nr. 259

Brautarholt Leikskóli L189662; Framkvæmdarleyfi - 2304036

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna borunar á nýrri vinnsluholu í grennd við eldri holu við Brautarholt, Skeiðum. Nýja vinnsluholan er staðsett við norðausturenda núverandi dæluhúss og skýlis. Er áætlað að nýja holan ná niður á að minnsta kosti 120 m dýpi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsakjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Vallarbraut 11A-11C L; Framkvæmdarleyfi - 2304035

Lögð er fram umsókn frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna framkvæmdaleyfis vegna gatnagerðar við nýja götu, Vallarbraut í Brautarholti. Um er að ræða nýja götu í hverfinu Brautarholt fyrir 19 íbúðahús. Í framkvæmdinni felst lagning nýrrar götu, auk tilheyrandi lagna, s.s. fyrir hita, vatn, rafmagn, síma og ljósleiðara.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags fyrir Brautarholt.

Fundargerð skipulagsnefndar nr. 260

Álfsstaðir II (L215788); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - 2211050

Erindi sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Emils Þ. Guðmundssonar fyrir hönd Sigmundar Þorsteinssonar og Vigdísar H. Sigurðardóttur, móttékin 20.11.2022, um byggingarleyfi fyrir 92,2 m2 íbúðarhús á jörðinni Álfsstaðir II L215788 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Umsóknin byggir á heimildum deiliskipulags sem er í auglýsingu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Þjórsárdalur 178332 L178332; Fyrirspurn - 2305014

Lögð er fram fyrirspurn vegna stöðuleyfis sem tekur til miðasöluskúrs við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu stöðuleyfis á tímabilinu 20. maí - 15. október 2023.*

Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting - 2301064

Lögð er fram skipulagstillaga sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014 (Hádegishóll). Með breytingunni verður sett inn 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús. Markmið með breytingunni er að efla atvinnustarfsemi og bæta þjónustu við íbúa og gesti. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Hlið 1 Laufvallargil L220188; Tvö frístundahús og aukahús; Deiliskipulag - 2303077

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóðarinnar Laufvallargils L220188. Innan skipulagsmarka eru afmarkaðar tvær lóðir og einn byggingareitur á hvorri lóð. Fjarlægð byggingareitanna frá lóðamörkum er hvergi minni en 10.0 m. Á hvorri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús allt að 120 m² að stærð á einni eða tveimur hæðum. Mænishæð er mest 6.0 m, mælt frá gólfplötu. Einnig eru tvö aukahús, gestahús, geymsla eða baðhús. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0.03. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna. Lóðin er staðsett innan landbúnaðarlands samkvæmt skilgreiningu aðalskipulags.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

13. Boð á ársfund Nattúruhamfaratrygginga Íslands

Lagt fram boð til ársfundar Nattúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) fimmtudaginn 25. maí frá kl. 11.30 til 13.00 á Grand hótél. Sveitarstjórnarfulltrúar hvattir til að skrá sig á fundinn sem er einnig hægt að fylgjast með í streymi.

14. Fundargerð menningar- & æskulýðsnefndar Fundargerð 4. fundar menningar- & æskulýðsnefndar lögð fram til kynningar.

15. Fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu

Árnesþings (SVÁ) 11. maí 2023

Fundargerð SVÁ frá 11. maí 2023 lögð fram til kynningar.

16. Fundargerðir Samtaka orkusveitarfélaga

Fundargerðir Samtaka orkusveitarfélaga nr. 61, nr. 62 og nr. 63 lagðar fram til kynningar ásamt ársreikningi Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2022.

17. Fundargerð stjórnar Sambands Ísl. sveitarfélaga

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 925 lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð Tónlistarskóla Árnessýslu

Fundargerð Tónlistarskóla Árnessýslu nr. 205 frá 29. mars 2023 lögð fram til kynningar.

19. Fundargerð Héraðsnefndar Árnésinga

Fundargerð Héraðsnefndar Árnésinga frá vorfundi 2023 ásamt bæklingi um starfsemi og hlutverks Héraðsskjalasafna og minnisblaði um rekstur og húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnésinga.

20. Fundargerð stjórnar SASS

Fundargerð stjórnar SASS nr. 595 lögð fram til kynningar.

21. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 227 lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12.30. Næsti fundursveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 7. júní, kl 09.00, í Árnési.

ÚTIHREYSTI

Mánudaga og Fimmtudaga í Júní kl 6:15-7:00 í Brautarholti

- Æfingar sem henta öllum
- Fyrir 16 ára og eldri
- Allir fara á sínum hraða
- Klæða sig eftir veðri
- Aðgangur að sturtu í lok æfingar
- Skráning á sportablar



Þjálfari: Viktoría Rós

Verð: 15.500kr

9	8	4		3	1		7	2
6	1				7			
2	5	7			9	8		
3				6			1	
			3	7		9	2	
		9			5			
	3				6			
	4	5		1	8		9	6
1	9	6	7			2	8	

5	8	6		7				
			9		1	6		
			6					
		7						
9		2		1		3		5
		5		9				
	9			4				8
		3	5				6	
				2		4	7	



SUMAR- NÁMSKEIÐ 2023

Sjáið hvað er í boði á:

- heimasíðu hreppsins, eða á
- www.sportabler.com/shop/heilsueflandiuppsveitir/skeida



Námskeiðin sem eru í boði eru á Sportabler og eru tengd við frístundastyrk sveitarfélagsins.